

Málþingið [VALDEFLING – skapandi aðferðir í vinnu með fullorðnum](#) sem haldið var vorið 2015 í samstarfi við Reykjavíkurborg tókst með ágætum og þótti opna á þarfa umræðu um mikilvægi lista við valdeflingu þeirra berskjölduðustu. Síðastliðið vor kviknaði sú hugmynd að halda snemmsumars 2020 annað málþing um þetta mikilvæga málefni.

Hvað eru skapandi og valdeflandi aðferðir?

Vorið 2015 höfðu félagar í RA um fimm ára skeið tekið þátt í afar gefandi samstarfi við menningarstofnanir og félagasamtök víðs vegar um Evrópu sem nota listir á markvissan hátt í vinnu sinni með jaðarsettum hópum. Samstarfið hefur haldið áfram æ síðan og nú hafa þessir sömu félagar [tekið þátt í tíu Evrópuverkefnum](#) í því skyni að læra af öðrum en ekki síður deila þekkingu sinni á hugmynda- og aðferðafræði skapandi og valdeflandi vinnu.

Með hugtakinu skapandi og valdeflandi vinna er ekki átt við að leyfa fólki að dútla dálítið við listsköpun sér til dægrastyttingar heldur það að beita markvissum aðferðum í tvenns konar tilgangi; að jaðarsett fólk gangist með stolti við sjálfu sér eins og það er og þokist þannig frá jaðri að miðju samfélaganna. Í Evrópuverkefnum tíu hefur verið unnið með heimilislausum, fíklum, föngum, flóttamönnum LGBT-fólki, fólki í kynlífsiðnaði, fólki sem jaðarsett er vegna uppruna síns eða trúarbragða og fólki með margvíslegar fatlanir.

Samvinna við Heimilislausu leikhúsið í Bratislava

Þau tíu ár sem RA hefur tekið þátt í ofangreindum verkefnum hefur einkum verið unnið með *Divadlo bez domova, Heimilislausu leikhúsinu* sem starfað hefur í Bratislava frá árinu 2005. Leikhúsið hefur frá árinu 2006 staðið fyrir [ERROR - árlegri, alþjóðlegri leiklistarhátíð heimilislausra leikhúsa](#). Gert er ráð fyrir þáttöku forsvarsmanna leikhússins á málþinginu árið 2020 líkt og árið 2015.

Hér birtist afrakstur nýlokens verkefnis [HIT – Heroes of Inclusion and Transformation](#) þar sem Íslendingar, Slóvakar og fjórar aðrar þjóðir leituðust við að þróa aðferðir The Hero's Journey í inngildingar- og valdeflingarskyni (lesa má um aðferðir Divadlo bez domova leikhússins á bls. 90).

Í ljósi sívaxandi umræðu um jaðarsetningu, valdeflingu og inngildingu (inclusion) og í ljósi þeirrar þekkingar sem aflað hefur verið innan ReykjavíkurAkademíunnar á hugmynda- og aðferðafræði valdeflandi kennsluhátta óskum við eftir faglegrri samvinnu Reykjavíkurborg við undirbúning þingsins sem varpað gæti skýrara ljósi á stöðu jaðarsettra hér í borg.

Björg Árnadóttir,
rithöfundur, listgreinakennari og félagi í ReykjavíkurAkademíunni

bjorg@akademia.is